

FRÉTTIR



Morgunblaðið/Kristinn

Nýr meirihluti í Kjalarneshreppi

MEIRIHLUTI sveitarstjórnar Kjalarneshrepps klofnaði í gær og gengu tveir fulltrúar D-lista Sjálfstæðisflokks til samstarfs við tvo fulltrúa F-lista, sem áður voru í minnihluta. Í minnihluta er nú einn fulltrúi af D-lista. Nýi meirihlutinn hyggst vinna að endurskipulagningu fjármála hreppsins og stuðla að aukinni samvinnu eða sameiningu við nágrennasveitarfélög.

Nýja meirihlutann, sem tekur til starfa á sveitarstjórnarfundum næstkomandi fimmtudag, skipa Pétur Friðriksson og Helga Bára Karlsdóttir af D-lista og Kolbrún Jónsdóttir og Ásgeir Harðarson af F-lista. Jón Ólafsson, fráfarandi varaoddviti af D-lista, verður einn í minnihluta.

Prenn markmið

Að sögn Péturs Friðrikssonar, sem áfram verður oddviti, var óeining í fráfarandi meirihluta um aðgerðir í fjármálum sveitarfélagsins og mögulega sameiningu við Reykjavík. Hann sagði nýja meirihlutann hafa sett sér þrjú markmið.

Í fyrsta lagi að ljúka vinnu við endurskipulagningu á rekstri og fjármálum hreppsins, en skuldastaða hans hefur verið erfið. Í öðru lagi að ljúka viðræðum við Reykjavíkurborg um möguleika á sameiningu sveitarfélaganna. Að sögn Péturs áttu fulltrúar Kjalarneshrepps fund með fulltrúum Reykjavíkur í gær. Þar var ákveðið að skipa viðræðuhóp sem mun fara yfir einstaka málaflökka varðandi sameiningu. Í þriðja lagi hyggst nýi meirihlutinn ljúka viðræðum við fulltrúa Mosfellsbæjar um möguleika á auknu samstarfi um ýmislegt er lýtur að rekstri sveitarfélaganna.

„Við ætlum að klára þessi mál og leggja þau síðan í dóm kjósenda,“ sagði Pétur Friðriksson.

Fundur með þingmönnum

Jón Ólafsson segir að vinna fjármálanefndar hreppsins vegna fjárhagsáætlunar næsta árs hafi verið komin vel á veg en henni hafi ekki verið lokið. Búið hafi verið að leysa vaxtagreiðslur og unnið

sé að því að finna fé til greiðslu á afborgunum.

Jón kveðst hafa óskað eftir fundi D-listans með þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á Reykjanesi um málefni hreppsins. Sá fundur var haldinn síðastliðinn mánudag. Þar hafi Pétur Friðriksson oddviti haft framsögu en fyrrverandi sveitarstjóri gert athugasemdir við orð oddvita. „Mér þykir miður að fundur með þingmönnum okkar skyldi leiða til þessa,“ sagði Jón. „Það kann að vera að menn hafi greint á um leiðir, en ég vildi vanda til þessarar vinnu eins og kostur var.“

Forsetahjón skoða frímerki

NORRÆNA frímerkjasýningin Nordia 96 var sett á Kjarvalsstöðum í gær. Sýningin stendur fram á sunnudag, er öllum opin og aðgangur ókeypis. Þetta er umfangsmesta frímerkjasýning, sem haldin er hér á landi og eru allir salir Kjarvalsstaða lagðir undir hana. Hér skoða forsetahjónin, herra Ólafur Ragnar Grímsson og frú Guðrún Katrín Þorbergsdóttir, sýninguna ásamt Sigurði R. Péturssyni, formanni sýningarstjórnar. Að baki þeim stendur Ólafur Tómasson, póst- og símamálastjóri.

Samkomulag Íslands og ESA í vörugjaldamálinu

Ísland viðurkennir brot á EES-samningnum

ÍSLENZKA ríkið og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í Brussel undirrituðu á fimmtudag samkomulag um að ESA drægi til baka mál, sem höfðað hefur verið á hendur Íslandi fyrir EFTA-dómstólum vegna innheimtu og álagningar vörugjalds hér á landi. Samkomulagið felur í sér að Ísland viðurkennir að hafa brotið EES-samninginn.

Lög um vörugjald voru kærð til ESA af hálfu Verzlunarráðs Íslands skömmu eftir að samningurinn um evrópskt efnahagssvæði tók gildi í ársbyrjun 1994. ESA taldi eftir skoðun á málinu að tvö atriði í löggjöfinni brytu samninginn; annars vegar að finna grundvöll vörugjalds með því að áætla 25% heildsöluálagningu á innfluttar vörur, í stað þess að miða við raunverð eins og þegar um innlenda framleiðslu er að ræða, og hins vegar að innlendum framleiðendum hafi verið veittur frestur á greiðslu gjaldsins, en ekki erlendum.

Eftir að hingað höfðu borist óformleg bréf, formleg athugasemdir og loks rökstutt álit af hálfu ESA, án þess að lögunum væri breytt, höfðaði stofnunin mál fyrir EFTA-dómstólum. Lögunum var ekki breytt fyrr en í júlí síðastliðnum, tveimur og hálfu ári eftir gildistöku EES.

Í samkomulaginu, sem undirritað var á fimmtudag, kemur fram að með lagabreyting-

unni í júlí hafi þau ákvæði laga sem ágreiningur var um verið felld brott og því sé ekki lengur lagalegur ágreiningur milli aðila.

„Ísland hefur því, með þessu samkomulagi, fallizt á skilning ESA þess efnis, að ákvæði laga um vörugjald hafi á sínum tíma ekki samrýmt EES-samningnum, að því leyti að það hefði verið mögulegt að mismuna erlendum framleiðendum gagnvart innlendum,“ segir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra. „Hins vegar fól málshöfðun ESA ekki í sér, að samningurinn hafi verið brotinn með þeim hætti, að slík mismunum hafi átt sér stað í reynd.“

Stórkaupmenn íhuga málshöfðun

Björn Friðfinnsson segir að ESA hafi skrifað EFTA-dómstólum og beðið um að málið verði dregið til baka. Að öllum líkindum þurfi fulltrúi Íslands ekki að mæta fyrir dóminn vegna þess, en málflytningur átti að verða í næsta mánuði. „Ísland hefur viðurkennt brot á 14. grein EES-samningsins og ég vona að málinu sé þar með lokið af okkar hálfu,“ segir Björn. Hann segist ekki gera ráð fyrir að EFTA-dómstóllinn myndi dæma einstaklingum eða fyrirtækjum, sem teldu sig hafa orðið fyrir tjóni vegna hinna umdeildu lagaákvæða, skaðabætur. „Hins vegar er annað

Forstjóri Þjóðhagsstofnunar um úthafsveiðar

Fjárhagsávinn- ingur og ný reynsla sjómanna

VERÐMÆTI úfluttra sjávarafurða af úthafsveiðum Íslendinga í ár er áætlað kringum 10 milljarðar króna. Ávinningurinn af úthafsveiðunum er einkum þrenns konar: Framlag þeirra til landsframleiðslu þjóðarinnar, fjárhagslegur ávinningur fyrirtækjanna af veiðunum og óbein áhrif, þ.e. sú reynsla og þekking sem fæst af veiðunum auk viðskipta sem orðið geta vegna nýrra sambanda í öðrum heimshlutum.

Þetta kom m.a. fram í máli Þórðar Friðjónssonar forstjóra Þjóðhagsstofnunar í erindi hans á ráðstefnu um úthafsveiðar Íslendinga sem Málþing stóð fyrir í gær. Hann sagði galla við nákvæma úttekt á þessum málum að upplýsingar væru af skornum skammti.

Þórður Friðjónsson sagði í upphafi máls síns að hægt væri að skilgreina úthafsveiðar á ýmsan hátt: Allar veiðar utan Íslandsmiða; allar veiðar úr stofnum sem ekki væru nýttir á Íslandsmiðum; allar veiðar fyrirtækja með eignaraðild Íslendinga úr stofnum sem ekki væru nýttir á Íslandsmiðum.

Tíu milljarðar króna

Þórður sagði að gera mætti ráð fyrir að úthafsveiðar Íslendinga væru alls um 270 þúsund tonn. Af úthafskarfa veiddust kringum 50 þúsund tonn, 25 þúsund af þorski í Barentshafi, 20 þúsund af rækju og um 173 þúsund tonn af norsk-íslensku síldinni. Áætlað verð þessa afla miðað við meðalverð á síðasta ári væri kringum 10 milljarðar króna og væri þar átt við útflutningsverðmæti aflans. Sagði hann það samsvara

10,5% af heildarútflutningsverðmæti sjávarafurða og um 5,7% af áætluðum heildarútflutningi á vöru og þjónustu landsmanna. Af þessum 10 milljörðum taldi hann hlut þorsks og rækju vera um 6 milljarða. Framlag þessara veiða til landsframleiðslunnar taldi hann vera á bilinu 5 til 6 milljarða króna og sagði forstjóri Þjóðhagsstofnunar ljóst að af úthafsveiðum væri verulegur ávinningur.

Um fjárhagslegan ávinning fyrirtækjanna sagði hann að erfitt væri að fá um hann upplýsingar, ljóst væri að menn teldu það atvinnuleyndarmál þegar vel gengi og vildu heldur ekki upplýsa of mikið ef illa áraði. Sagðist hann þó geta sagt að afkoman í þessum veiðum væri að jafnaði ekki síðri en meðaltalsafkoman í öðrum veiðum.

Þá sagði forstjóri Þjóðhagsstofnunar að óbein áhrif af þessum veiðum væru margvísleg. Bent hefði verið á hin félagslegu og sálrænu áhrif þeirra sem veiðarnar stundi og ljóst væri einnig að orðstír landsmanna hefði orðið fyrir hnjaski vegna slíkra veiða og hefðu einkum Norðmenn ýtt undir það. Kvaðst hann telja að það myndi lagast þegar að því kæmi að samið yrði um veiðar á slíkum svæðum. Um önnur óbein áhrif sagði hann að reynsla, tækni og þekking manna ykist og oft hefði sýnt sig að viðskipti ykjust einnig þegar Íslendingar störfuðu í fjarlægum löndum og í sjávarútvegi mætti bíast við að í kjölfarið fylgdu aukin umsvif varðandi veiðarfæri og búnað til veiða og vinnslu á sjávarafli.